

Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpivogur



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

13. ágúst 2019

MÍ201906-0021/ 6.10/ 4573

Bakki 4, Djúpavogi – litaval á nýja viðbyggingu

Í tölvupósti dags. 29. júlí 2019 leitar Páll Jakob Líndal, aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa á Djúpavogi, eftir álit Minjastofnunar Íslands vegna nýrrar viðbyggingar við Bakka 4. Með erindinu fylgja upplýsingar um hugmyndir að litum á utanhússklæðningu nýrrar viðbyggingar sem komið hafa til tals hjá eigendum, sveitarstjórn og ráðgjöfum. Óskað er eftir álit Minjastofnunar á því hvaða litur eigi best við fyrir húsið.

Árið 2017 varð elsti hluti Djúpavogs fyrsti staður landsins til að hljóta formlega stöðu sem verndarsvæði í byggð. Undirbúningur og samþykkt verndarsvæðis í byggð felur í sér stefnumótandi verndaráætlun sveitarfélaga um varðveislu og uppbyggingu í eldri og varðveisluverðum byggðarkjörnum.

Bakki 4 er hluti af fiskvinnslustöð Búlandstinds ehf. sem stendur skammt utan við verndarsvæði Djúpavogsbæjar og myndar nánast bakgrunn við tvö elstu hús bæjarins, Faktorshúsið (1848) og Löngubúð (1790). Elsta bygging á lóð Búlandstinds var skv. Fasteignaskrá reist árið 1946, en aðrar hafa risið frá árinu 1973 og til dagsins í dag. Engin bygging á reitnum fellur undir lög um menningarminjar nr. 80-2012, þ.e.a.s. húsin eru ekki aldursfriðuð, friðlýst eða umsagnarskyld. Álit Minjastofnunar er því leiðbeinandi en ekki stjórnvaldsúrskurður, en óskað var eftir því vegna nálægðar húsanna og afstöðu þeirra við gömlu húsin innan verndarsvæðisins.

Til stendur að klæða viðbygginguna með láréttri húðaðri stálklæðningu frá Límtré-Vírnet. Þeir litir sem komið hafa til tals eru hvítur eða gæsagrár (skv. litaspjaldi framleiðanda) auk hugmynda um að sækja liti í náttúrulegt umhverfi staðarins; himin-/hafbláa liti eða gras-/mosagræna liti.

Minjastofnun Íslands telur jákvætt og mikilvægt að mörkuð verði stefna um útlit iðnaðarbygginga og annarra nýbygginga í nágrenni verndarsvæða til framtíðar litið. Færa má rök fyrir því að allir þeir litir sem lagðir hafa verið til geti átt við á þessum stað. Ýmist má reyna að fella nýbygginguna að iðnaðarbyggingunum sem fyrir eru með því að velja samskonar hvítan lit á hana, eða velja grátón eða aðra liti úr náttúrulegu umhverfi staðarins til þess að draga úr sjónrænum áhrifum nýbyggingarinnar á verndarsvæðið. Á endanum verður þó ekki hjá því komist að þarna er iðnaðarbygging af ólíkri gerð og í öðrum kvarða en húsin innan verndarsvæðisins, sem aldrei verður ósýnileg. Atriði af þessum toga mætti til framtíðar hafa í huga við endurskoðun verndarsvæðis sem samkvæmt lögum skal fara fram á fjögurra ára fresti.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

María Gísladóttir

María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Pétur H. Ármannsson

Pétur H. Ármannsson
arkitekt, sérfræðingur

Afrit í tölvupósti:

Páll Jakob Línal (tgi@tgi.is)

Skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps (skipulag@djupivogur.is)

Byggingarfulltrúi Djúpavogshrepps (byggingafulltrui@djupivogur.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærarlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.